



Alþingi
Erindi nr. P 139/2320
komudagur 9.5.2011/2.

Umsögn Flugmálastjórnar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir). Þskj. 1229 – 710 mál

I.

Vísað er til erindis Umhverfisstofndar Alþingis þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

Vakin er athygli á eftirfarandi þáttum sem Flugmálastjórn (FMS) telur að taka þurfi til athugunar:

II.

Í e. lið 7. gr. frumvarpsins er vísað til þess að „[u]mhverfisstofnun [fari] yfir eftirlitsáætlanir flugrekstraraðila í samráði við Flugmálastjórn ef þörf er á.“ Þá segir um þennan þátt í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins: „Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun fari yfir eftirlitsáætlanir í samráði við Flugmálastjórn ef þörf er á. Þannig er ekki fyllilega ljóst við framlagningu frumvarpsins hvort þörf verður á aðstoð Flugmálastjórnar við yfirferð eftirlitsáætlananna, en rétt þótti þó að gera ráð fyrir að svo gæti orðið. Ekki er sérstaklega fjallað um það í lögnum hvernig þessu samráði skuli háttað og þykir eðlilegast að stofnanirnar komi sér saman um það.“

Í frumvarpinu sem liggur fyrir er opnað á reglubundna aðkomu Flugmálastjórnar að yfirferða eftirlitsáætlanana. Ekki hefur komið til yfirferðar FMS á umsóknum til Umhverfisstofnunar en fari verkefni þetta í þann farveg að FMS hafi þar fasta aðkomu þarf að vera gert ráð fyrir kostnaði sem af því hlytist fyrir FMS.

III.

Þá gerir FMS athugasemd við notkun á hugtakinu *Flugrekstraraðili* í frumvarpinu. FMS telur ekki efni til að víkja frá venjubundinni notkun hugtaksins *Flugrekandi (operator)*, sem áður hefur verið notast við í íslenskum lagareglum um þá aðila sem stunda rekstur loftfars. Er það mat FMS að gæta verði samræmis í hugtakanotkun og ekki sé hér ástæða til að setja fram nýtt hugtak þó svo gildissvið frumvarpsins, sbr. tilskipun ESB 2008/101, sé takmarkað við þá flugrekendur sem stundi flugstarfsemi sem tilgreind sé í III. viðauka við frumvarpið.

Reykjavík 9. maí 2011


Halla S. Sigurðardóttir

framkvæmdastjóri stjórnslusviðs